

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Grindavíkurbæ.

1. gr.

Við útgáfu byggingarleyfa og vegna annarrar þjónustu sem tæknisvið Grindavíkurbæjar veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

1.1. Íbúðarhúsnæði.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðal- og séruppdráttu sem nauðsynlegir eru til að fullgera bygginguna að innan sem utan. Innifalið í gjaldinu er byggingarleyfisgjald, gjald vegna út- og hæðarsetningar lóða, lögbundið byggingareftirlit og áfangaúttektir, útgáfa fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar. Að auki eru gjöld vegna ástands- og stöðuúttekta, grenndarkynninga, yfirferð umfangsmikilla séruppdráttu, samkvæmt mati byggingarfulltrúa hverju sinni.

	kr.	
1.1.1. Einbýlishús	114.300	
1.1.2. Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð	96.658	pr. íbúð
1.1.3. Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum	82.567	pr. íbúð
1.1.4. Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	71.913	pr. íbúð
1.1.5. Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	62.415	pr. íbúð
1.1.6. Umsýslugjald vegna umfangsminni grenndarkynninga	14.800	
1.1.7. Umsýslugjald vegna umfangsmeiri grenndarkynninga	50.100	
1.1.8. Byggingar- og afgreiðslugjald – lágmarksgjald	11.060	

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir, húsnæði með íbúðum.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðal- og séruppdráttu sem nauðsynlegir eru til að fullgera bygginguna að innan sem utan. Innifalið í gjaldinu er byggingarleyfisgjald, gjald vegna út- og hæðarsetningar lóða, lögbundið byggingareftirlit og áfangaúttektir, útgáfa fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar. Að auki eru gjöld vegna ástands- og stöðuúttekta, grenndarkynninga, yfirferð umfangsmikilla séruppdráttu, samkvæmt mati byggingarfulltrúa hverju sinni.

	kr.	
1.2.1. Gólfflötur allt að 500 fermetrar	114.300	
1.2.2. Gólfflötur 500 til 1.000 fermetrar	200.166	
1.2.3. Gólfflötur 1.001 til 2.000 fermetrar	294.639	
1.2.4. Gólfflötur 2.001 til 5.000 fermetrar	434.611	
1.2.5. Gólfflötur stærri en 5.000 fermetrar	576.666	

1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðal- og séruppdráttu sem nauðsynlegir eru til að fullgera bygginguna að innan sem utan. Innifalið í gjaldinu er byggingarleyfisgjald, gjald vegna út- og hæðarsetningar lóða, lögbundið byggingareftirlit og áfangaúttektir, útgáfa fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar. Að auki eru gjöld vegna ástands- og stöðuúttekta og grenndarkynninga.

	kr.	
1.3.1. Sólstofur, garðhús, bílageymslur fyrir mest 2 bíla, gripahús og viðbyggingar allt að 20 fermetrar	51.100	
1.3.2. Viðbyggingar 20 til 100 fermetrar	650	pr. ferm.

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

2. gr.

2.1. Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir neðangreinda umsýslu ber að greiða eftirtalin gjöld sbr. 51. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.

	kr.
2.1.1. Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar, óendurkræft	27.000
2.1.2. Endurskoðun aðaluppdráttar	12.000
2.1.3. Endurnýjun byggingarleyfis án breytinga	7.700
2.1.4. Auka vottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	17.700
2.1.5. Vottorð um ástandsskoðun vegna vín- og veitingaleyfa/starfsleyfa	17.700
2.1.6. Stöðuleyfi, árgjald greiðist einu sinni á ári	37.850
2.1.7. Aukavottorð vegna stöðuúttekta, byggingarstig	20.000
2.1.8. Eignaskiptayfirlýsing, hver umfjöllun	4.890
2.1.9. Breyting á lóðarleigusamningi	28.100
2.1.10. Endurnýjun leyfis án breytinga	10.500
2.1.11. Afgreiðslugjald í skipulags- og byggingarnefnd	4.500
2.1.12. Afgreiðsla stofnskjala	12.500
2.1.13. Verulegar breytingar á uppdráttum og lóðarblöðum	65.500
2.1.14. Óverulegar breytingar á uppdráttum og lóðarblöðum	25.500

2.2. Gjald vegna skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfis.

Vegna framkvæmdaleyfa og vinnu við deiliskipulag, og breytinga á deiliskipulagi, sem unnið er á vegum landeigenda eða framkvæmdaraðila, sbr. 20. gr. og 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal innheimta gjöld sem hér segir:

	kr.
2.2.1. Fyrir grenndarkynningu	17.000
2.2.2. Fyrir afhendingu grunngagna fyrir skipulagsvinnu	8.000
2.2.3. Fyrir umsýslu vegna breytinga á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 38. gr.	8.000
2.2.4. Umsýsla deiliskipulags skv. 20. gr. og breytingar á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 20. gr.	35.000
2.2.5. Framkvæmdaleyfi skv. 1. mgr. 20. gr.	75.000
2.2.6. Leyfisgjald vegna annarra framkvæmdaleyfa	45.000

Við breytingar eða gerð nýs skipulags sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 getur viðkomandi hagsmunaaðili séð um breytingarnar á sinn kostnað.

3. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2009 og breytast 1. janúar ár hvert, til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2010 er 100,0 stig miðað við grunn 2009.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 ásamt 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Grindavík, 9. febrúar 2011.

Róbert Ragnarsson bæjarstjóri.